

Húsavík 3. júlí 2024

Góðan dag.

Ég undirrituð íbúi á Húsavík, geri athugasemdir við tillögu að breytingum á aðalskipulagi Norðurlágs. Tillagan er um að gera nýtt aðalskipulag og deiliskipulag varðandi verslunar- og þjónustusvæði við Aksturlág. Í núverandi skipulagi er gert ráð fyrir íbúðabyggð á þessu svæði.

Í málefнасamningi núverandi meirihluta sveitarstjórnar Norðurlágs stendur varðandi skipulags- og umhverfismál, að *“fara eigi í hugmyndasamkeppni um uppbyggingu miðbæjar á Húsavík þar sem hafnarsvæðið, Búðargil, Öskjureitur og miðbær tengjast”* Þessar tillögur að breytingum á aðalskipulagi ganga í þveröfuga átt með þessum skipulagstillögum Norðurlágs þ.e.a.s. að fara með verslun og þjónustu suður fyrir bæinn að Aksturslág, án þess að fara í þessa hugmyndasamkeppni.

Þeir flokkar sem fara með meirihluta í sveitarfélaginu tala um í sínum stefnuskrám að vinna í samstarfi og samvinnu við samfélagið. Því tel ég einboðið að halda íbúafund þegar svona stórar breytingar eiga sér stað innan sveitarfélagsins, þar sem málin verða kynnt og allir möguleikar skoðaðir varðandi staðsetningu á verslun og þjónust á Húsavík.

Virðingarfyllst,

Guðrún Kristinsdóttir